



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Drangsnes, 7. febrúar 2025
MÍ202501-0077/ 6.09 / L.G.

Minjavörður Vestfjarða www.minjastofnun.is Kennitala: 440113-0280

Efni: Umsögn um deiliskipulag ofanflóðavarna á Bíldudal

Vesturbyggð hefur óskað eftir umsögn vegna deiliskipulags ofanflóðavarna á Bíldudal. Gögn var hægt að nálgast rafrænt á Skipulagsgátt þann 20.01.2024.

Umrætt svæði var skráð árið 2015 og 2021 af Náttúrustofu Vestfjarða fyrir utan vegbút sem ekki var á fyrri skipulagsupprætti.

Fyrri umsögn

Í umsögn MÍ um hvort framkvæmdin skildi háð umhverfismati (Sjá: MÍ202204-0109/6.07.K.M) var farið fram á eftir farandi mótvægisáðgerðir:

Tóft	2743-004	Girða og merkja á meðan á framkvæmdum stendur
Rétt	2743-005	Girða og merkja á meðan á framkvæmdum stendur
Þúst	2743-006	Girða og merkja á meðan á framkvæmdum stendur
Tóft	2743-007	Girða og merkja á meðan á framkvæmdum stendur
Útihús	ÍS-140458-200-12	Girða og merkja á meðan á framkvæmdum stendur
Býli	ÍS-140458-200-13	Girða og merkja á meðan á framkvæmdum stendur
Rúst	ÍS-140458-200-14	Girða og merkja á meðan á framkvæmdum stendur
Tóft	2743-001	Könnunarskurðir
Tóft	2743-002	Könnunarskurðir
Garðlag	2743-003	Könnunarskurðir
Garðlag	ÍS-140458-200-10	Varðveita eins mikið af garðlagi og kostur er

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Lísabet
Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða
lisabet@minjastofnun.is

Fornleifarannsókn fór fram árið 2022 sem uppfyllir þær kröfur sem Minjastofnun fór fram á árið 2022.

sjá:

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. 2023. *Fornleifarannsókn á minjum innan framkvæmdasvæðis ofanflóðavarna í Vesturbyggð við Stekkjargil/Gilsbakkagil og Milligil á Bildudal*. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík. NV nr. 02-23.

Umsögn

Fornleifaskrá þarf vegbút sem bættist við frá fyrri umsögn, ef minjar eru á því svæði gæti komið til frekari mótvægisáðgerða. Eins og farið var fram í fyrr umsögn þá þarf að girða af og merkja tóftir sem taldar eru upp í töflunni hér að ofan til að koma í veg fyrir rask og skemmdir á meðan á framkvæmdum stendur (sjá meðfylgjandi kort). Auk þess þarf að hafa eftirlit með minjunum í gegnum framkvæmdatímann. Farið er fram á að fornleifafræðingur sjái um að girða minjarnar af og hafi umsjón með yfirliti. Einnig þarf að kynna framkvæmdaraðilum, stjórnendum vinnutækja o.s.frv. staðsetningu minjastaða í grennd við framkvæmdasvæðið.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Lísabet Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða



